



Selfossi 17. janúar 2017

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

12. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn þriðjudaginn 17. janúar 2017, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Jón Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. **Aðstaða aðgerðastjórnar (AST) Almanna- og Almannavarna Árnæssýslu**

Pétur fór yfir hugmyndir og þörf fyrir aðstöðu aðgerðastjórnar AÁ með tilliti til AST Almanna- og Almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

2. **Slökkvitækjaþjónusta Suðurlands (SPS)**

Pétur kynnti hugmynd að breyttu fyrirkomulagi varðandi SPS. Búist er við að breytingarnar hafi í för með sér þjónustuaukningu fyrir viðskiptavinum.

3. **Tankbílur**

Pétur upplýsti stöðu á nýjum tankbílum. Þeir eru væntanlegir næstu tvær vikurnar.

4. **Slökkvistöðin í Árnesi**

Pétur fór yfir stöðuna á byggingu nýrrar slökkvistöðvar í Árnesi. Sökkklar hafa verið steiptir og húsið er komið á staðinn en hefur ekki verið reist. Platan verður steipt eftir að húsið hefur verið reist.

5. **Helstu tölur ársins 2016**

a. **Útkallstölfræði**

Pétur fór yfir frumdrög að útkallstölfræði vegna ársins 2016.

Útköll á stöðvar voru 150, 5 fleiri en árið áður og klukkustundirnar í útköllum 2334 sem er rúmlega 650 klukkustundir færri en árið áður.

b. **Rekstrartölfræði**

Pétur kynnti fyrstu rekstrartölur vegna ársins 2016. Endurskoðun hefst á næstu dögum en allt lítur út fyrir að áætlun ársins muni standast.

6. Önnur mál

- a. Ný lög varðandi leyfisveitingar fyrir veitinga og gistaðir rædd og þær breytingar sem þeim fylgir. Pétri falið að boða fund með Heilbrigðiseftirliti, byggingarfulltrúum, sýslumanni og fulltrúa sveitarfélaga vegna málsins.
- b. Næsti fundur verður 7. mars kl. 8:15

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 9:30

Hi B. Tinnar  
Jón G. Björnsson  
Ammi innvið.

Fugall  
Lofn. NT. Vinnu

Pjetur Pjetursson

Samir Gröfudóttir  
Umm. Þ. Þ. Þ.